

Kæra og krafa um nálgunarbann

Kærðu:

Gunnar Árnason, [REDACTED]

Hlédís Sveinsdóttir, [REDACTED]

Kærendur:

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

Málsatvik:

Umbjóðendur mínir hafa á undanförunum mánuðum og misserum sætt umsáturseinelti af hálfu kærðu sem er sífellt að færast í aukanna og verða alvarlegra. Um er að ræða brot á ákvæðum almennra hegningarlaga eins og lýst verður nánar hér að neðanverðu.

Um er að ræða sérstaka og alvarlega innrás á friðhelgi einkalífs kæranda og áreitni og einelti sem beinist í grunninn að ólögráða börnum. Málið er því í grunninn barnaverndarmál því þetta hefur bein áhrif á líf allra barna kæranda og fjölskyldna þeirra. Í einhverjum tilvikum er búið að upplýsa viðkomandi skólafyrirvöld um stöðuna og biðja þau um að vera vakandi fyrir því að kærðu komi í skólann og nálgist börnin. Yngsta barnið er sjö ára og ekki talið öruggt að hún labbi lengur ein í skólann. Er því ljóst að málið er að hafa verulega og alvarleg áhrif á líf þessara barna og fjölskyldur þeirra. Framgangna kærðu veldur kvíða og ótta yfir því hvað kærðu gæru

gripið til enda ekkert rökrétt við framgöngu þeirra. Fjölskyldurnar eru verulega uggandi yfir ranghugmyndum kærðu og til hvaða aðgerða þau gætu farið að grípa. Telja þau mikilvægt að reynt sé að grípa inn í atburðarásina og telja mikilvægt að sakamál sé rannsakað og tekin sé ákvörðun um nálgunarbann þar sem kærðu verði bannað að nálgast kærendur og fólki þeim tengt. Lögreglu hefur verið tilkynnt um athæfi kærðu í einhver skipti en nú er gerð krafa um nálgunarbann og athæfi þeirra kært.

Kærðu eru búin að setja sig í samband við marga tugi manns í kringum þessar fjölskyldur með undirliggjandi hótunum í þeirra garð verði ekki fallist á kröfur þeirra. Áreitnin er að ágerast, fleiri fjölskyldur að bætast við og kærendur óttast að þau fari að grípa til „örþrifaráða“ eins og þau hóta í bréfum og skilaboðum til kæranda og fólki þeim tengdu.

Saga þessara fjölskyldna er öll eins. Áreitnin byrjar fyrst á símtölum þar sem fullyrt er að kærðu séu foreldrar barna kæranda. Látið að því liggja að kærðu séu með hóp sérfræðinga á bakvið sig sem segja grunsemdir þeirra á rökum reistar. Það hins vegar á sér enga stoð og eru engir sérfræðingar eða sérfræðigögn sem styðja nokkuð af þeirra fullyrðingum. Um algeran hugarburð er að ræða. Kærðu setja sig einnig í samband við foreldra, vini og samstarfsmenn eða jafnvel maka samstarfsmanna hringja og senda skilaboð og vilja að þau hafi milligöngu um að kröfum þeirra verði mætt. Jafnframt berast bréfasendingar. Ýmist undirrituð af kærðu eða nafnlaus eða frá fyrirtæki sem á sér óvissa tilvist. Bréfin eru í grunninn eins til allra og í því er fullyrt að samkvæmt greiningu kærðu á myndum af börnum þeirra sé „rökstuddur grunur“ að þeirra mati um að þau séu raunverulegir foreldrar barna þeirra og gerð krafa um að samþykkt verði mannaerfðafræðileg rannsókn. Fullyrða kærðu að fósturvísun þeirra hafi verið stolið og þau hafi verið notuð til þess að búa til börn kæranda. Enginn fótur er fyrir þessum fullyrðingum eða ásökunum og er um algera ranghugmynd að ræða sem á sér enga réttlætingu fyrir framgöngu kærðu. Talað um kærendur sem „forsjáraðila“ barna sinna. Búið er að svara þeim með að þessar tilgátur þeirra geti ekki staðist. En það hefur engin áhrif á kærðu og taka þau engum rökum. Um er að ræða uppspuna og hugarfóstur kærðu. Jafnvel þótt einhver fótur væri fyrir þessum hugarburði kærðu væri framganga þeirra jafn óheimil. Um er að ræða börn kærðu og hafa kærðu enga heimild til þess að ráðast með þessum hætti inn í þeirra líf.

Þá telja kærendur að nafnlaus bréf um samkynhneigð þeirra stafi frá kærðu. Bréfin eru öll eins og ekki hægt að álykta annað en að þau stafi frá kærðu. Enda væri það ótrúleg tilviljun ef þessar fjölskyldur sem eiga ekkert sameiginleg annað en að vera fórnarlömb kærðu væri með annan sameiginlegan eltihrælli. Allar fjölskyldurnar hafa fengið send eins nafnlaus bréf með alls kyns aðdróttunum og athugasemdum.

Undir liggja hótanir kærðu um að þau þurfi að grípa til annarra ráðstafana ef ekki verður orðið við kröfum þeirra. Haft var samband við maka yfirmanns einnar móður og sagt að hún ætti við áfengis og lyfjavandamál að stríða og barn hennar væri í hættu og það ætti ekki að vera með slíkt fólk í vinnu. Eru kærðu því beinlínis að ógna atvinnuöryggi hennar. Vísað er til upplýsinga frá nágranna og óttast kærendur að kærðu sitji um og fylgist með húsum þeirra. Vitað er um eina fjölskyldu til viðbótar sem hafa orðið kærðu að bráð en eru ekki meðal kæranda. Mögulega eru fleiri fjölskyldur að verða fyrir barðinu á kærðu án þess að kærendur viti það með vissu. Én samkvæmt færslum kærða Gunnars á samfélagsmiðla virðast þau halda að níttján fósturvísun þeirra hafi verið stolið.

Þá liggur fyrir að þau hafi setið um mikinn fjölda heilbrigðisstarfsfólks bæði með símaskilaboðum, bréfasendingum og setið um hús þeirra. Hefur þetta allt saman skapað mikinn

óttá og óöryggi fyrir mikinn fjölda fólks. Ótti minna umbjóðenda um það að þau muni fara að beina spjótum sínum beint að börnunum er raunverulegur. Enda full ástæða til þar sem ekkert rökrétt er við þeirra framgöngu. Er því eina ráðið að taka þessa framgöngu alvarlega og kalla þau til refsíabýrðar og setja á þau nálgunarbann.

Framganga og yfirlýsingar kærðu skapa augljóslega ótta og kvíða hjá kærendum. Kærðu eru haldin það miklum ranghugmyndum og þau eru líkleg til alls og einmitt að standa við hótanir sínar og grípa til örþrifaráða. Framganga kærðu skapar hjá kærendum hræðslu og kvíða. Fellur það að ákvæði 232.gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um umsáturseinelti.

Hjálagt bréfi þessu er yfirlit yfir helstu atvik í tímaröð. Sýnir hún svart á hvítu að framganga kærðu er að eflast og verða alvarlegri. Ásakanir að verða grófari og örari bréfasendingar.

Kærðu láta sér ekki segjast og halda áfram og láta engan bilbug á sér finna. Þvert á móti er áreitnin að stigmagnast eins og sést á auknum færslum kærða Gunnars á Facebook og bréfasendingar til helstu forstjóra og framkvæmdastjóra stærstu fyrirtækja landsins bera vott um.


Um er að ræða alvarlega árás á friðhelgi einkalífs sem beinist að ólögráða börnum þessara fjölskyldna. Er þetta því ekki aðeins árás á friðhelgi einkalífs foreldra þessara barna heldur einnig árás á einkalíf ólögráða barna með undirliggjandi hótun um aðgerðir sem er barnaverndarmál. Er málið því mjög alvarlegt og fullt tilefni til þess að hafa af því áhyggjur ekki aðeins hvort heldur hvenær og hvernig áreitnin muni ágerast og beinast að ólögráða börnum þeirra beint. Velta þau því fyrir sér hvort kærðu séu með skráð vopn í sínum fórum og er þess óskað að það verði kannað sérstaklega og reynist það vera rétt er þess krafist að þeim verði gert að afhenda lögreglu vopnin og leyfi afturkallað.

Kærendurnar krefjast þess að málið verði tekið alvarlega og gripið inn í atburðarásina áður en það verður of seint. Kærendur telja að framganga kærðu sé brot á 228. gr., 232.gr. a og 233.gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Um sé að ræða gróft brot á friðhelgi einkalífs, umsáturseinelti með undirliggjandi hótunum.

Telja kærendur að skilyrði laga 85/2011 um nálgunarbann o.fl. séu uppfyllt og gera þá kröfu að lögreglustjóri ákveði að setja nálgunarbann á kærðu gagnvart öllum kærendum, heimili þeirra, vinnustað og ættingjum þeirra.

Áskilinn er réttur til þess að koma að ítarlegri athugasemdum, gögnum og gæta hagsmuna ofangreindra kæranda eftir því sem þörf krefst.

Reykjavík, 13. júní 2023


Eva B. Helgadóttir, lögmaður.